



Minnisblað til velferðarnefndar

Viðtakandi	Velferðarnefnd Alþingis	Dagsetning	31. maí 2024
Sendandi	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Málsnúmer	FRN24050056

Minnisblað til velferðarnefndar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011 (réttindagæslumenn og persónulegir talsmenn).

Með tölvupósti, dags. 10. maí 2024, óskaði velferðarnefnd Alþingis eftir minnisblaði félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, um afstöðu ráðuneytisins til þeirra umsagna sem nefndinni bárust um frumvarp til laga um breytingar á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk (réttindagæslumenn og persónulegir talsmenn), 922. mál.

Fimm umsagnir bárust, frá Halldóri Gunnarssyni, Landssamtökunum Þroskahjálp, Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ), Samtökum fyrirtækja í fjármálaþjónustu og Persónuvernd.

D-liður 2. gr. frv. (breyting á 2. mgr. 6. gr. laga)

1. Aðstoð réttindagæslu við kærur eða kvörtun

Í umsögnum Halldórs Gunnarssonar, Landssamtakanna Þroskahjálpar og Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) er gerð athugasemd við d-lið 2. gr. frumvarpsins, þar sem gerðar eru breytingar á 2. mgr. 6. gr. laganna. Skv. frumvarpinu skal 2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Verði ekki orðið við ábendingum réttindagæslumanns skal hann leiðbeina og eftir atvikum aðstoða hinn fatlaða við að kæra málið til úrskurðarnefndar velferðarmála eða beina kvörtun til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála og veita honum viðeigandi stuðning varðandi rekstur málsins eftir þörfum.

Í umsögnunum er gerð sú athugasemd að ákvæðið sé of þröngt og ætti að ná til allra þeirra kvörtunar- og kæruleiða sem borgurum standa almennt til boða, en ekki einungis úrskurðarnefndar velferðarmála og Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið tekur undir athugasemdina og telur að orða megi ákvæðið með opnari hætti svo skýrt sé að réttindagæslumaður geti veitt fötluðum einstaklingum viðeigandi stuðning við að tryggja lögvarin réttindi sín hjá þar til bærum aðilum.

Ákvæðið gæti hjóðað svo:

Verði ekki orðið við ábendingum réttindagæslumanns skal hann eftir atvikum leiðbeina um innlendar og alþjóðlegar kvörtunar- og kæruleiðir og veita hinum fatlaða viðeigandi stuðning varðandi rekstur málsins eftir þörfum.

2. Fyrsti másl. 2. mgr. 6. gr. falli brott

Í umsögn MRSÍ er bent á að af frumvarpinu megi ætla að 1. másl. 2. mgr. 6. gr. laganna skuli felldur niður. Með þeirri breytingu tapist samhengi varðandi það hlutverk réttindagæslumanns að koma almennum ábendingum um úrbætur á framfæri, þegar mál sé þess eðlis.

Ráðuneytið tekur undir athugasemdina. Með frumvarpinu er ekki ætlunin að fella málsliðinn brott.



E-liður 2. gr. frv. (nýjar málsgreinar í 6. gr. laga)

1. Ný 4. mgr. um ágreining á milli einstaklinga

Í umsögnum Halldórs Gunnarssonar og Þroskahjálpar er gerð athugasemd við e-lið 2. gr. frumvarpsins, þar sem lagt er til að nýrri málsgrein verði bætt við lögina, þess efnis að réttindagæslumaður taki ekki til meðferðar ágreining milli einstaklinga, en honum beri að leiðbeina þeim sem til hans leita með slík mál um leiðir sem færar séu innan stjórnslu og hjá dómstólum.

Í umsögnunum er talið mikilvægt að ákvæðin séu ekki þannig orðuð að þau komi í veg fyrir að réttindagæslumenn geti brugðist við misbeitingu gagnvart réttindum fatlaðs einstaklings, t.a.m. fjáldrætti. Í slíkum málum séu leiðbeiningar og stuðningur ekki síður mikilvægur en í öðrum málum.

Með ákvæðinu er lagt til að kveðið verði á um það að réttindagæslumaður taki ekki til meðferðar eða sinni persónulegum ágreiningsmálum milli einstaklinga, svo sem í deilum hins fatlaða einstaklings og fjölskyldumeðlima hans eða annarra einstaklinga. Ekki er hér átt við mál þar sem grunur leikur á að brotið hafi verið gegn fötluðum einstaklingi. Þar sem grunur leikur á lögbroti, t.d. fjáldrætti eins og nefnt er í umsögnunum, skal réttindagæslumaður leiðbeina viðkomandi um að leita til lögreglu.

Hins vegar er einnig lagt til að í ákvæðinu verði kveðið á um að þegar mál er varða ágreining á milli einstaklinga berast réttindagæslumanni beri honum að leiðbeina þeim sem til hans leitar um leiðir sem færar séu innan stjórnslu og hjá dómstólum.

2. Ný 5. mgr. um endurskoðun ákvarðana stjórnvalda

Í umsögn MRSÍ kemur fram að skrifstofan telji ekki þörf á að í lögnum sé sérstaklega kveðið á um að réttindagæslumaður endurskoði ekki ákvarðanir stjórnvalda í einstökum málum.

Ráðuneytið bendir á tillögu um nýja 5. mgr. 6. gr. laganna sem er ætlað að taka af öll tvímæli um að réttindagæslan er ekki úrskurðaraðili sem tekur ákvarðanir um réttindi og skyldur einstaklinga. Eins og rakið er í skýringum við nýja 5. mgr. er hlutverk réttindagæslunnar að veita fötluðu fólki viðeigandi stuðning við gæslu réttinda sinna gagnvart stjórnvöldum og einkaaðilum. Fordæmi eru fyrir slíku í öðrum lögum, svo sem í lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994.

D-liður 3. gr. frv. (2. mgr. 7. gr. laga)

1. Eftirlit sýslumanns með endurgreiðslu útlagðs kostnaðar

Í umsögnum Halldórs Gunnarssonar, Þroskahjálpar og MRSÍ koma fram áhyggjur umsagnaraðilanna af eftirliti með endurgreiðslu útlagðs kostnaðar persónulegra talsmanna. Telja umsagnaraðilarnir að eftirliti sýslumanna gagnvart lögráðamönnum hafi verið ábótavant og er vísað til dæma um að lögráðamenn hafi komist upp með umtalsverðan fjáldrætt í skjóli eftirlitsleysis. Er lögð áhersla á mikilvægi þess að eftirlit sýslumanna með lögráðamönnum og persónulegum talsmönnum verði virkt og virkara en nú er með lögráðamönnum, einkum í þeim tilvikum þar sem hagsmunir séu til staðar sem ekki samræmast hlutverki lögráðamanns eða fjárhaldsmanns. Í umsögnunum er talið ljóst að stórefla þurfi getu sýslumanna til að sinna eftirlitshlutverki sínu samhliða þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að endurgreiðslur útlagðs kostnaðar fari í gegnum sýslumann, hvort sem kostnaðurinn sé greiddur af hinum fatlaða einstaklingi eða úr ríkissjóði, auk þess sem nánar verði kveðið á um útfærslu endurgreiðslunnar í reglugerð. Sýslumenn muni þá hafa viðmið sem farið verði eftir og geti gætt jafnræðis og haft eftirlit með endurgreiðslunum.



2. Fræðsla til starfsfólks

Í umsögnunum er einnig lögð áhersla á að sýslumenn og starfsfólk embættanna fái viðeigandi fræðslu um aðstæður, þarfir og réttindi fatlaðs fólks, þ.m.t. til viðeigandi aðlögunar og hvað í því felst. Ráðuneytið tekur undir mikilvægi þess.

4. gr. frv. (8. gr. laga)

1. Riftun samkomulags – tillaga að breytingum

Í umsögn MRSÍ er lagt til að í 4. gr. frumvarpsins, sem kveður á um breytingar á 8. gr. laganna, verði kveðið enn skýrar á um rétt fatlaðs einstaklings til að rifta samkomulagi við persónulegan talsmann. Leggur skrifstofan til eftirfarandi breytingar á ákvæðinu (sjá raktar breytingar):

8. gr. laganna orðast svo:

Sýslumaður skal hafa eftirlit með framkvæmd samkomulags milli fatlaðs einstaklings og persónulegs talsmanns og halda skrá um persónulega talsmenn. Réttindagæslumenn skulu hafa aðgang að skrá sýslumanns yfir persónulega talsmenn.

Hinn fatlaði einstaklingur getur hvenær sem er afturkallað umboð persónulegs talsmanns og skal réttindagæslumaður aðstoða hann við það óski hann eftir því. Sýslumaður skal fella getur fella úr gildi samkomulag milli fatlaðs einstaklings og persónulegs talsmanns, komi fram ósk þess efnis frá öðrum hvorum eða báðum aðilum samkomulagsins. Jafnframt getur sýslumaður fellt slíkt samkomulag úr gildi ef beiðni þar um berst eða frá réttindagæslumanni eða eftir atvikum lögráðamanni. Sýslumaður getur einnig fellt úr gildi samkomulag telji hann persónulegan talsmann ekki gegna skyldum sínum gagnvart hinum fatlaða einstaklingi eða uppfylli ekki lengur skilyrði skv. 2. mgr. 7. gr.

Ráðuneytið tekur undir framangreindar breytingartillögur og telur að þær tryggi enn betur samræmi við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

2. mgr. 5. gr. frv. (ný 8. gr. a laga)

1. Skýra og afmarka betur vinnslu persónuupplýsinga

Í umsögn Persónuverndar kemur fram að stofnunin telji að brugðist hafi verið við athugasemdum sem hún gerði í umsögn sinni í Samráðsgátt að einhverju leyti en ekki öllu og telur stofnunin að endurskoða þurfi 5. gr. frumvarpsins, skýra ákvæðið nánar og afmarka betur í hvaða tilgangi vinnsla persónuupplýsinga fer fram, af hverju vinnslan sé nauðsynleg fyrir þann tilgang og afmarka hvers konar persónuupplýsingar um ræðir. Þá þurfi sérstaklega að huga að vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í þessu samhengi.

Ráðuneytið telur 5. gr. frumvarpsins fullnægja þeim kröfum sem persónuverndarlöggjöfin kveður á um. Tilgangur vinnslunnar er skýr í ákvæðinu auk þess sem nánar er fjallað um hann í greinargerð með frumvarpinu. Vinnsla persónuupplýsinga fer nauðsynlega eftir því í hverju samkomulag á milli fatlaðs einstaklings og persónulegs talsmanns felst, sbr. einnig 7. og 9. gr. laganna, og því sem fram kann að koma í eftirliti sýslumanns með samkomulaginu. Í 9. gr. laganna er fjallað um hvers konar aðstoð persónulegur talsmaður geti veitt fötluðum einstaklingi á grundvelli slíks samkomulags en það er ekki tæmandi talið og getur verið mismunandi í hverju tilviki fyrir sig. Aðstoð persónulegs talsmanns tengist í mörgum tilvikum þeirri þjónustu sem einstaklingur á tilkall til og má ljóst vera að þar er um afar breitt svið að ræða. Er sú leið vart raunhæf að tiltaka nákvæmlega í réttindagæslulögum alla þá þjónustu sem persónulegur talsmaður kann að aðstoða einstakling við að fá. Verður þess vegna að ljá sýslumanni svigrúm til að meta hvaða upplýsingar og gögn hann kallar eftir hverju sinni til að sinna eftirliti sínu. Er því ekki talið rétt að tiltaka með of ítarlegum hætti hvaða upplýsingar og gögn heimilt sé að vinna.



Heimildir sýslumanns afmarkast þó engu síður við ákvæði 9. gr. laganna og við þá aðila sem taldir eru upp í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Finna má ýmis fordæmi fyrir slíkum almennum og matskenndum heimildum til gagna- og upplýsingaöflunar vegna eftirlits.

Þá skal einnig bent á að skv. a-lið 3. gr. frumvarpsins er lagt til að í 1. mgr. 7. gr. laganna verði kveðið á um að í undirrituðu samkomulagi á milli hins fatlaða einstaklings og persónulegs talsmanns skuli mælt fyrir um heimildir talsmanns skv. 1. mgr. 9. gr. laganna. Þannig verði skýrt hvað felist í stuðningi persónulegs talsmanns við hinn fatlaða einstakling og hvaða heimildir hann hafi við að veita framangreindan stuðning.

2. Eftirlit með persónulegum talsmönnum – tillaga að breytingu

Persónuvernd leggur til að orðalagi ákvæðis 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að sýslumanni verði heimilt að kalla eftir upplýsingum frá *félagsþjónustu sveitarfélaga*, en ekki starfsmönnum þjónustunnar.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið tekur undir athugasemd stofnunarinnar.

3. Mat á áhrifum á persónuvernd

Persónuvernd bendir á það í umsögn sinni að ekki verði séð á frumvarpinu að fram hafi farið mat á áhrifum á persónuvernd, sbr. 29. gr. laga nr. 90/2018 og 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, en með hliðsjón af efni frumvarpsins megi telja að slíkt mat hefði verið gagnlegt í þessu tilviki.

Ráðuneytið tekur undir með Persónuvernd að gagnlegt hefði verið að gera mat á áhrifum á persónuvernd vegna regluverks. Engu síður taldi ráðuneytið ekki nauðsynlegt að slíkt mat færi fram við gerð frumvarpsins. Ef frumvarpið verður að lögum er fyrirhugað að fjalla nánar um það í reglugerð hvernig eftirlitinu skuli háttað og gefst þá færi til að gera mat á áhrifum á persónuvernd í samræmi við 29. gr. laga nr. 90/2018.

6. gr. frv. (4. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga)

1. Aðstoð við ráðstöfun fjármuna

Í umsögn Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu kemur fram að samtökin telji ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna ekki nógu skýrt. Það hafi ekki verið talið ná til þess að heimila persónulegum talsmanni að fá skoðunaraðgang að ógreiddum reikningum og eftir atvikum rafrænum skjölum sem berast hinum fatlaða einstakling í netbanka eða til þess að greiða reikninga í netbanka.

Tekur ráðuneytið undir athugasemdina og er reiðubúið til að vinna að slíkri tillögu með nefndinni, sé þess óskað.

Ráðuneytið telur ekki ástæðu til að taka afstöðu til annarra atriða sem fram koma í umsögnum um frumvarpið.